



EFTA-ríkin og ríki Mið-Ameríku tilkynna um upphaf fríverslunarviðræðna

FRÉTTATILKYNNING (¹)

Genf – 14. Nóvember 2011 – Ráðherrar aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) – Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss – og Panama, ásamt fulltrúm Kostaríku og Hondúras tilkynntu í dag um upphaf viðræðna um viðtækan fríverslunarsamning í því skyni að styrkja efnahagstengsl milli samningsaðila, svo og að efla viðskipti og fjárfestingar.

EFTA-ríkin, Kostaríka, Hondúras og Panama lýstu sig reiðubúin að hefja samningaviðræður snemma á næsta ári en önnur ríki Mið-Ameríku kunna að koma að viðræðunum á síðari stigum.

Það voru Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, sem er í forsæti EFTA, Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneyti Íslands og ráðuneyti utanríkisviðskipta, Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtensteins, og Johann Schneider-Amman, yfirmaður efnahagsráðuneytis Sviss, af hálfu EFTA-ríkjanna, svo og Diana Salazar, aðstoðararáðherra samningaviðræðna um milliríkjaviðskipti í Panama, Ronald Saborío Soto, sendiherra Kostaríku og Dacio Castillo, sendiherra Hondúras, sem tilkynntu um viðræðurnar.

EFTA-ríkin og ríki Mið-Ameríku hafa, frá því að EFTA-ríkin og Panama undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu um samvinnu í júlí 2010, kannað hvort unnt væri að koma á nánari viðskiptatengslum milli svæðanna tveggja. Í því skyni fóru fram könnunarviðræður milli háttsettra embættismanna í Panamaborg í marsmánuði 2011.

Vöruviðskipti milli EFTA-ríkjanna og Mið-Ameríkuríkjanna þriggja námu 646 milljónum Bandaríkjadala á árinu 2010. Helstu útflutningsvörur EFTA-ríkjanna til Mið-Ameríku eru m.a. lyfjavörur, klukkur og úr og eðalsteinar. EFTA-ríkin flytja aðallega inn ávexti og hnetur, eðalsteina, krydd, kaffi og te frá Mið-Ameríku.

(¹) Ópinber þýðing EFTA-skrifstofunnar.